

## Greinargerð vegna auglýsingar á tillögu að starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Íslandsbleikju, Öxnalæk

Umhverfisstofnun auglýsir tillögu að starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Íslandsbleikju, Öxnalæk.

Umsókn um starfsleyfi barst Umhverfisstofnun 18. janúar 2010 og var samþykkt með bréfi þann 22. febrúar 2010. Drög að starfsleyfi voru send til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Hveragerðisbæjar í júlí 2011 og komu ekki fram athugasemdir. Einnig gat rekstraraðili komið ábendingum á framfæri á ýmsum stigum málsins.

Þrátt fyrir samþykki Umhverfisstofnunar í febrúar 2010 tóku forsendurnar sem Umhverfisstofnun hugðist vinna eftir nokkrum breytingum við úrskurð umhverfisráðuneytis sem kveðinn var upp 15. mars 2010 í máli nr. 09060086 vegna starfsleyfis til handa Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis. Í þessu máli var byggt á því að skila þarf afriti af staðfestu deiliskipulagi með umsókn um starfsleyfi. Byggt var m.a. á b-lið greinar 10.2 í reglugerð nr. 785/1999 en samkvæmt honum þarf umsækjandi um starfsleyfi að skila inn afriti af staðfestu deiliskipulagi með umsókn sinni.

Starfsemi Íslandsbleikju, Öxnalæk, er á ódeiliskipulögðu svæði og þurfti Umhverfisstofnun því að meta málið að nýju. Fram kom af hálfu Íslandsbleikju að það væri ekki fyrirhugað af þeirra hálfu að vinna að deiliskipulagi fyrir athafnasvæðið. Umhverfisstofnun hefur enda komist að þeirri niðurstöðu að fullnægjandi sé að fyrir liggja byggingar- eða framkvæmdaleyfi byggt á ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum, nú lögum nr. 123/2010, eða annað leyfi eða staðfesting viðkomandi sveitarstjórnar um heimild fyrir starfsemi.

Atriði sem olli hins vegar erfiðleikum við afgreiðslu þessa máls var að mörk sveitarfélaga höfðu færst í millitíðinni. Starfsstöðin hafði þannig verið áður í sveitarfélaginu Ölfusi eða forvera þess, en nú tilheyrir hún hins vegar Hveragerðisbæ. Ítarlega var farið yfir það hjá Umhverfisstofnun hvort að þessi vistaskipti breyttu forsendum málsins. Í yfirlýsingu Hveragerðisbæjar 27. júlí 2011 kom fram að bæjarfélagið hefði ekki athugasemdir við reksturinn á lóðinni Öxnalæk 171631, Hveragerði. Það gildir bæði um eldihúsið og geymsluna. Tekið var fram að vilji bæjarfélagsins væri að í stöðinni væru ýtrustu kröfur um mengunarvarnir uppfylltar.

Eftir skoðun á þessum svari var ljóst að ósvarað var hvort Hveragerðisbær hefði veitt framkvæmdaleyfi eða annars konar heimild við upphaf starfsemi og var óskað eftir því með bréfi þann 21. mars 2012 til sveitarfélagsins að Umhverfisstofnun fengi afrit af þeim gögnum sem væru til um þetta. Svar Hveragerðisbæjar, dagsett 12. apríl 2012 var þess efnis að þar sem að í upphafi starfseminnar hefði reksturinn verið í öðru sveitarfélagi væri ekki að finna slíka heimild en sveitarfélagið gerði ekki frekar en áður aðra athugasemd en að uppfylla þyrfti ýtrustu kröfur um mengunarvarnir.

Að þessu síðara svari fengnu var haft samband við Sveitarfélagið Ölfus. Í svari sveitarfélagsins sem barst í tölvupósti 16. október 2012 kom fram skráðar hafi verið hjá sveitarfélaginu teikningar að stöðinni á árunum 1971 og 1972. Ekki fannst þó í fórum þess bókun frá hreppsnefnd um málið.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að fengnum þessum svörum að litið verði svo á að fullnægjandi gögn og upplýsingar liggi nú fyrir til að gefa út starfsleyfi en á meðan að vinnsla málsins hefur staðið yfir hefur umhverfisráðuneyti gefið undanþágur út til rekstrarins. Við þessa afgreiðslu er litið til þess að starfsemin hófst í lagaumhverfi eldri skipulagslaga en þeirra sem nú eru í gildi og með tilliti til ítrekaðrar afstöðu sveitarfélagsins sem gerir ekki athugasemdir.

Varðandi starfsleyfistillöguna sjálfa hefur Umhverfisstofnun gert athugasemdir við frágang fráveitunnar og er í tillögunni gert ráð fyrir því að veita skuli frest til hreinsunar svifagna og losunar á fosfór og köfnunarefni. Þessum úrbótum skal vera lokið fyrir 1. september 2013 samkvæmt tillögunni.

Á auglýsingatíma tillögunnar geta allir sem það vilja, sent um hana athugasemdir.